

89

22. júlí

3. gr.

Biskup landsins geymir undir yfirumsjón landsstjórnarinnar sjóðinn, og ávaxtar fje hans. Birtir hann reikning sjóðsins í byrjun hvers árs í Stjórnartíðindunum. Skulu þá og jafnframt auglýstar styrkveitingar úr sjóðnum.

4. gr.

Landstjórnin veitir styrk úr sjóðnum eftir tillögum biskups, en hann hefir aftur í ráðum með sjer vígslubiskupinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna. Veiting styrksins skal jafnan fara fram á afmælisdegi Jóns konferensráðs Eiríkssonar hinn 31. dag ágústmánaðar.

Í stjórnarráði Íslands, 22. júlí 1913.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

90

1. ág.

Samþykkt

um samgirðing í úthluta Náhlíðar í Miðdalahreppi og yfir Sauðafellstungu.

Hreppsnefndin í Miðdalahreppi í Dalasýslu hefir, samkvæmt lögum 30. júlí 1909 um girðingar, gjört eftirfarandi

samþykkt

um samgirðing í úthluta Náhlíðar í Miðdalahreppi og yfir Sauðafellstungu.

1. gr.

Í Náhlíðinni í Miðdalahreppi og yfir Sauðafellsland að auki skal vera girðing þvert yfir Náhlíðarhól á landamerkjum Stóráskógs og Kvennabrekku að austan og svo yfir Sauðafellstungu. Þessi samgirðing skal ná frá Prestagilskletti við Haukadalsvatn að Tunguá neðanhalt við Sauðapoll, og svo þaðan beint heim í norðanverða túngirðinguna á Sauðafelli, og aftur úr henni sunnanverðri að Miðá á landamerkjum Sauðafells og Erpstaða, og þaðan á börðunum niður með Miðá að gljúfrunum í Skarðafjöti.

2. gr.

90

Girðing þessi skal vera fimmþætt gaddavírsgirðing að öllu leyti samkvæm því, sem girðingarlögin mæla fyrir.

1. ág.

3. gr.

Kostnaðinn við að leggja girðing þessa og halda henni við ber að greiða af öllum sauðfjár- og hrossaeigendum vestan girðingar þessarar á svæðinu milli Haukadalsár og Miðár, og eru þá fjáreigendur á Sauðafelli taldir með. Gjaldi þessu ber að jafna niður þannig, að jafnt gjald komi á hverja kind, en hvert hross sem 3 kindur.

4. gr.

Framkvæmdin við að leggja girðinguna, eftirlit með henni ásamt viðhaldi, niðurfjöfnun kostnaðarins, er jafnan ber að gera í marsmánuði, og gjaldheimta skal falin þriggja manna stjórn, er kosin skal af þátttakendum á aðalfundi, sem haldinn skal í aprilmánuði ár hvert. Niðurfjöfnun og reikningsskil leggist fyrir aðalfund samgirðingarfélagsins til úrskurðar. Stjórn þessi kys sjer sjálf formann, er hefir á hendi reikningsfærsluna og boðar til fundar. Rita ber honum í bók, sem til þess er gerð, alla reikninga félagsins og fundargerðir. Að öðru leyti skifta stjórnarnefndarmenn sjálfir verkum með sjer.

5. gr.

Brot á móti samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð, ef eigi varðar hærri sekt eftir girðingarlögunum, og er formanni skylt að kæra þau fyrir lögreglustjóra, ef aðrir hafa eigi gert það.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. ágúst 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.